

Fimmtudaginn 3. september 1998.

Nr. 268/1998.

Árni Þormóðsson

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

Snæfellsvikri ehf.

Jóni Valda Valdimarssyni og

Gunnari Geir Gunnarssyni

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

Kærumál. Kröfugerð. Vanreifun. Málskostnaðartrygging. Frávísunarúrskurður staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 11. júní 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 24. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. maí 1998, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðilum var vísað frá dómi. Kæruheimild er í c-lið 2. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnislegrar meðferðar. Til vara krefst sóknaraðili þess, að málskostnaður í héraði verði ákveðinn lægri en í hinum kærða úrskurði. Í báðum tilvikum krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur og þeim dæmdur kærumálskostnaður. Þá krefjast þeir þess einnig, að sóknaraðila verði gert að setja tryggingu fyrir greiðslu kærumálskostnaðar.

Samkvæmt gögnum málsins rekur sóknaraðili málið vegna hagsmuna þrotabús Vikuriðnaðar ehf. með stoð í 1. mgr. 130. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Telst sóknaraðili því að réttu lagi sjálfur aðili að málinu.

Krafa varnaraðila um málskostnaðartryggingu var fyrst gerð í greinargerð þeirra fyrir Hæstarétti, þar sem tekið var til varna gegn kröfum sóknaraðila. Krafan um málskostnaðartryggingu var því ekki komin fram svo tímanlega sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 133.

gr. laga nr. 91/1991, eins og því ákvæði verður beitt við meðferð kærumála fyrir Hæstarétti. Getur krafan því ekki komið frekar til álita.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur um annað en málskostnað. Sóknaraðili verður dæmdur til að greiða hverjum varnaraðila fyrir sig málskostnað í héraði og kærumálskostnað, sem er ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur um annað en málskostnað.

Sóknaraðili, Árni Þormóðsson, greiði varnaraðilum, Snæfellsvikri ehf., Jóni Valda Valdimarssyni og Gunnari Geir Gunnarssyni, hverjum fyrir sig, samtals 100.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. maí 1998.

I.

Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 12. nóvember 1997. Málinu var úthlutað héraðsdómara 1. febrúar 1998 og tekið fyrir 23. sama mánaðar. Því var þá frestað til 9. mars sl. og síðan til 28. apríl sl. til að ljúka öflun sýnilegra sönnunargagna. Aðalmeðferð fór fram 11. maí sl., og var málið dómtekið að henni lokinni.

Stefnandi er Árni Þormóðsson, kt. 170641-3239, Skálholti 5, Ólafsvík, f. h. þrotabús Vikuriðnaðar ehf., kt. 590393-2589, sama stað.

Stefndu eru Snæfellsvikur ehf., kt. 540695-2299, Ennisbraut 55, Ólafsvík, Jón Valdi Valdimarsson, kt. 100435-3579, Grundartúni 1, Akranesi, og Gunnar Geir Gunnarsson, kt. 240152-2749, Klapparstíg 1, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru aðallega, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 13.663.315 krónur, auk vaxta skv. 7. gr. laga nr. 25/1987 af 11.066.192 krónum frá 1. 1. 1996 til 1. 1. 1997, með sömu vöxtum af 13.663.315 krónum frá 1. 1. 1997 til þingfestingardags málsins, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. og 12. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er þess krafist, að stefndu verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu stefndu er gerð sú dómkrafa aðallega, að þeir verði algjörlega sýknaðir af kröfum stefnanda.

Til vara er krafist skuldajafnaðar á eftirfarandi kröfum:

- 1) kröfu á grundvelli víxla, að fjárhæð 600.000 krónur, auk dráttarvaxta af 300.000 krónum frá 15. 12. 1994 til 31. 1. 1995, en þá af 600.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags,
- 2) kröfu á grundvelli fyrirbyggjandi viðskiptayfirlits vegna greiðslu Snæfellsvikurs ehf. vegna útlagðs kostnaðar, víxla, opinberra gjalda o. fl. vegna Vikuriðnaðar ehf., að fjárhæð 6.027.068 krónur, auk dráttarvaxta frá 1. 1. 1996 til greiðsludags,
- 3) kröfu á grundvelli samnings við landbúnaðarráðuneytið vegna efnisgjalds, 1.112.167 króna, auk dráttarvaxta af 835.485 krónum frá 3. 1. 1995 til 3. 1. 1996, en af 1.112.167 krónum frá þeim degi til greiðsludags,
- 4) kröfu Jóns Valdimarssonar um hlutdeild í þóknun af samningi aðila fyrir vinnsluleyfi eða 1/3 hluta af stefnufjárhæð, 4.554.438 krónur, auk dráttarvaxta frá 1. 1. 1996 til greiðsludags.

Þá er þess krafist bæði í aðal- og varakröfu, að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi. Þess er krafist, að á tildæmdan málskostnað til þeirra Jóns V. Valdimarssonar og Gunnars Geirs Gunnarssonar komi 24,5% virðisaukaskattur, en stefndu Jón og Gunnar eru eigi virðisaukaskattsskyldir.

Halldór Þ. Birgisson hdl. fer með málið f. h. stefnanda sem lögmaður Árna Þormóðssonar, er hefur umboð skiptastjóra í þb. stefnanda til að reka málið f. h. þrotabús Vikuriðnaðar ehf., sbr. heimild í 130. gr. laga nr. 21/1991.

Af hálfu stefndu fer Sigurður Sigurjónsson hrl. með málið.

II.

Málavextir.

10. febrúar 1993 var stofnað einkahlutafélagið Vikuriðnaður. Stofnendur félagsins voru stefndu Gunnar Geir Gunnarsson og Jón Valdi Valdimarsson auk stefnanda, Árna Þormóðssonar, og þriggja annarra. Tilgangur félagsins var m. a. vinnsla á vikri og útflutningur hans. Við stofnun voru stefndu Jón Valdi Valdimarsson og Gunnar Geir Gunnarsson auk Árna Þormóðssonar kosnir í stjórn, og gegndi Jón Valdi stöðu stjórnarformanns, en Árni var ráðinn framkvæmdastjóri félagsins.

Hugmyndin með stofnun félagsins var að hefja útflutning á vikri frá Snæfellsnesi á grundvelli samnings stefnda Jóns Valda Valdimarssonar, dags. 6. desember 1991, við landbúnaðarráðuneytið um heimild til vikurvinnslu og útflutnings á vikri.

Vegna starfseminnar gerðu þrír af hluthöfum persónulega samning, dags. 10. 10. 1992, við Ólafsvíkurkaupstað um aðstöðu til vikurútflutnings við

höfnina í Ólafsvík. Þá gerði Vikuriðnaður ehf. 20. 10. 1992 samning við tvo hluthafa um flutning á vikri úr námum félagsins á afnotasvæði við Ólafsvíkurhöfn auk vegagerðar frá námum að þjóðvegi og viðhalds á veginum. Í þriðja lagi gerði Vikuriðnaður ehf. 12. 1. 1993 samning um umboðssölu á vikri á erlendri grund. Í fjórða lagi gerði Vikuriðnaður ehf. 23. 3. 1993 verk-takasamning við stefnda Jón Valda Valdimarsson, þar sem Vikuriðnaður ehf. tekur að sér að annast alla jarðefna- og vikurtöku vegna samnings stefnda Jóns Valda við landbúnaðarráðuneytið. Um ýmis atriði, er lúta að gerð og efni þessa samnings, er ágreiningur með málsaðilum. Í fimmta lagi gerði Vikuriðnaður ehf. 6. 7. 1993 samning við Brjót sf. um flutning og vinnslu á vikri o. fl., sem kom í stað fyrri samnings við stefnda Gunnar Geir og Prösti Gunnarsson um hið sama frá 20. 10. 1992.

Rekstur Vikuriðnaðar ehf. fór seinna af stað en áætlað var, og árið 1993 var unnið að undirbúningsverkefnum vegna útflutnings árið 1994. Engar tekjur urðu af rekstri árið 1993, en heildargjöld ársins 3.792.573 krónur. Árið 1994 hófst útflutningur á vegum félagsins, og námu tekjur þess það ár 10.800.000 krónum, en gjöld 10.410.000 krónum fyrir fjármagnsliði, svo að hagnaður af reglulegri starfsemi varð 370.000 (?) krónur. Vegna vaxta-kostnaðar varð þó tap á rekstri félagsins, sem nam 466.000 krónum árið 1994.

21. desember 1994 var framkvæmdastjóri félagsins, Árni Þormóðsson, úrskurðaður gjaldþrota. Var boðað 9. febrúar 1995 til stjórnarfundar í félaginu á skrifstofu Sigurðar Sigurjónssonar hrl., og afsalaði Árni sér prókúru fyrir félagið. Á næsta stjórnarfundi, sem haldinn var 31. mars 1995, kom fram gagnrýni á störf framkvæmdastjórans, sem rökstudd var með vísan til munnlegrar skýrslu Friðþjófs K. Eyjólfssonar um fjárreiður félagsins. Á móti gagnrýndi Árni Þormóðsson störf og ákvarðanir meiri hluta félagsins, sem hann taldi, að myndu gera félaginu tjón. Á fundinum var jafnframt ákveðið að halda hluthafafund í félaginu fyrir lok aprílmánaðar 1995. Á þessum stjórnarfundi var Gunnar Geir ráðinn framkvæmdastjóri félagsins. Með úrskurði 8. maí 1996 var bú Vikuriðnaðar hf. tekið til skiptameðferðar. Með bréfi, dags. 18. apríl 1995, til Vikuriðnaðar hf. sagði stefndi Jón Valdi upp samkomulagi við félagið um vikurvinnslu á Jökulhálsi á grundvelli vinnsluleysis stefnda. Ágreiningur er um, hvort uppsögn þessi fór fram á þeim tíma, sem hér greinir. Stefnandi telur uppsögnina, hafi hún farið fram, vera markleysu. Stefndu Gunnar Geir og Jón Valdi stofnuðu síðan Snæfellsvikur ehf. 1. júní 1995 og hófu vinnslu og útflutning vikurs.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að frá apríl 1995 fram til hausts sama ár hafi hluthafar engar upplýsingar fengið um starfsemi félagsins. Á sama tíma hafi komið í ljós, að stefndu Jón Valdi Valdimarsson og Gunnar Geir Gunnarsson höfðu stofnað nýtt félag, Snæfellsvikur ehf., og byrjað útflutning á vikri í nafni þess félags, en engin starfsemi fór fram lengur á vegum Vikuriðnaðar ehf. Hafi stefndu staðið í stórfelldum útflutningi á vikri í nafni hins nýja félags til fyrri viðskiptaaðila Vikuriðnaðar ehf. og fyrsta sending, sem Snæfellsvikur ehf. sendi út, verið skv. farmbréfi á nafni Vikuriðnaðar ehf.

Með bréfaskriftum frá 29. nóvember 1995 fram til 13. mars 1996 hafi verið óskað upplýsinga um hagsmuni Vikuriðnaðar ehf. og krafist fundar í félaginu. Upplýsingar hafi þó ekki verið gefnar né boðað til fundar, og hafi því verið óskað eftir því við Hlutfélagaskrá 26. apríl 1996 f. h. hluthafans Hagtaks ehf., að boðað yrði til fundar í félaginu. Áður en til þess fundar kom, var bú Vikuriðnaðar ehf. tekið til skiptameðferðar. Samkvæmt gögnum liggi fyrir, að sá úrskurður hafi verið kveðinn upp án vitneskju stjórnar, enda hafi síðasti bókaði fundur stjórnar verið haldinn 22. maí 1996, án þess að fjallað væri um gjaldþrotáúrskurðinn.

Samþykktar kröfur í þrotabúið reyndust nema tæpum 4.000.000 króna, en á móti töldu þeir hluthafar, sem lent höfðu í minni hluta, að félagið hefði átt eignir og hagsmuni að miklu hærri fjárhæð, þótt búið væri talið eignalaust. Við skiptameðferð hafi skiptastjóri freistað þess að upplýsa um ráðstöfun eigna og hagsmuna, en orðið lítið ágengt. Boðað hafi verið til fundar 19. desember 1996 til að kanna afstöðu kröfuhafa til fjármögnunar á skiptakostnaði og málaferlum. Hafi stefnanda, Árna Þormóðssyni, á fundi 6. janúar 1998 verið veitt umboð til að reka málið f. h. þrotabúsins sem kröfuhafa.

Skaðabótakrafa stefnanda er reist á því, að stefndu hafi með ólögmatum hætti tekið og fénytt eignir og viðskiptasambönd Vikuriðnaðar ehf., nú þrotabús Vikuriðnaðar ehf., sér og félagi sínu, Snæfellsvikri ehf., til hagsbóta, en félaginu Vikuriðnaði ehf., öðrum hluthöfum og nú þrotabúinu til tjóns. Um sé að ræða beinar aðgerðir, sem stefnandi telur, að unnar hafi verið af ásetningi. Þá telur stefnandi jafnframt, að stefndu hafi með vanhvirðu um hagsmuni Vikuriðnaðar ehf. orðið valdir að gjaldþroti félagsins, sem hafi verið óþarft að teknu tilliti til eigna í formi vikurbirgða og tekjumöguleika félagsins, ef því hefði verið leyft að starfa áfram, og því, að eignir í félaginu voru ekki tiltækar.

Stefnandi heldur því fram, að stefndu hafi bakað sér bótaskyldu in solid-

um gagnvart stefnanda, enda eigi stefndu Jón Valdi og Gunnar Geir félagið Snæfellsvikur hf. og hafi einir staðið að stofnun þess í þeim tilgangi að taka eignir þrotabúsins og fénytá þær og annast þá verktöku, sem þrotabúið hafði samning um og hefði aflað félaginu tekna fram til samningsloka eigendum þess til ávinnings. Ljóst sé, að með töku þessara hagsmuna hafi tapast allur sá kostnaður, sem félagið hafi stofnað til og verið grundvöllur tekjuöflunar stefndu.

Bótakrafa stefnanda er reist á því, að skv. samningi við Jón Valda hafi Vikuriðnaður ehf. frá stofnun þess og fram til 1. desember 1996 átt eitt rétt til vinnslu vikurs fyrir Jón Valda á grundvelli samnings hans við landbúnaðarráðuneytið. Hluthafar ásamt Jóni Valda og síðar félagið hafi fjármagnað alla aðstöðu og framkvæmdir, sem nauðsynlegar voru, til þess að hægt væri að vinna vikur samkvæmt samningnum. Ljóst sé, að undirbúningur hafi verið mikill og tímafrekur, en þeirri vinnu hafi lokið endanlega árið 1994 og öll efni bent til, að næstu tvö ár yrðu góð í rekstri og myndu skila félaginu miklum hagnaði.

Fyrir liggir, að félagið hafði kostað nauðsynlega vegagerð til vinnslu vikurs úr námum, og árið 1994 hafði jafnframt verið unnið efni úr námu og ekið á millilagera á Dal og fyrir neðan fjallið Hróa og á athafnasvæði félagsins við höfnina í Ólafsvík. Í ársbyrjun 1995 átti félagið því verulegar eignir, sem koma ekki fram í ársreikningi, en sanna má með vitnum, að hafi verið til, auk þess sem slíkt leiðir af staðreyndum um útflutning á vikri í nafni stefnda Snæfellsvikurs ehf. árið 1995.

Fyrir liggir, að í ársbyrjun 1995 hafi orðið trúnaðarbrestur með hluthöfum í félaginu og nýr meiri hluti myndast, þar sem stefndu Gunnar Geir og Jón Valdi hafi tekið öll völd í félaginu með réttindum og skyldum í samræmi við hlutafélagalög. Í stað þess að vinna að starfsemi félagsins í samræmi við lagaskyldur hafi félaginu, eftir fund 31. mars 1995, í engu verið sinnt af þeim, sem því réðu. Þá hafi áskoranir minni hlutans og Hlutafélagaskrár um fundi um málefni félagsins ekki verið virtar. Minni hlutinn hafi engar upplýsingar fengið um það, sem meiri hluti félagsmanna aðhafðist í málefnum þess. Eftir gjaldþrot hafi meðal annars komið í ljós fundargerð fundar, sem sagður er hafa verið haldinn í félaginu 20. apríl 1995. Þar er lagt fram bréf, sem sagt er í fundargerð „dagsett 18. ágúst fyrra mánaðar“ og varði uppsögn Jóns Valda Valdimarssonar á samningi félagsins við hann um verktöku vegna námaleyfis. Bréf það, sem um ræðir, er lagt fram í málinu í ljósriti, dags. 18. apríl 1995, þar sem stjórnarformaður félagsins og hluthafinn Jón Valdi segi upp öllu samstarfi við félagið vegna vanefnda félagsins við sig, en félaginu réð hann á þeim tíma og því ekki við annan að sakast um

vanefndir. Þá sé á sama fundi rætt um ársuppgjör 1995, sem sé ófrágengið og þurfi að skila, þótt framtalsfrestur sé ekki liðinn á þeim tíma. Draga verði í efa dagsetningu þessa, enda að áliti stefnanda um málamyndagerning að ræða.

Stefnandi telur, að þessi málatilbúnaður taki mið af því, að 1. júní 1995 hafði stefndi Jón Valdi stofnað nýtt félag með stefnda Gunnari Geir, sem þegar eftir stofnun hafi hafið útflutning á vikurbirgðum félagsins Vikuriðnaðar ehf. og nýtingu á aðstöðu og viðskiptasamböndum skv. samningi við Jón Valda. Það, sem styðji þetta, sé, að fyrsti farmurinn, sem Snæfellsvikur ehf. tók greiðslu fyrir, sé á farmbréfi fluttur út af Vikuriðnaði ehf. Stefnandi telur því augljóst, að um samantekin ráð stefndu hafi verið að ræða um að slá eign sinni á og fénýta hagsmuni félagsins sem sínar eignir, og hafi þeir í því skyni stofnað saman félagið Snæfellsvikur ehf. Með vísan til þessa, samanber það, sem áður greinir, telur stefnandi sig eiga kröfu á alla aðilana in solidum, enda hafi þeir auðgast með ólögmætum hætti sameiginlega sem í eigin nafni og í hinu stefnda félagi með aðgerðum sínum.

Bótakrafan sé í fyrsta lagi krafa um skaðabætur, sem nemi framlegð af vikurförum, er fluttur voru út árið 1995 og óumdeilanlegt sé, að hafi talist hluti af efnisbirgðum Vikuriðnaðar ehf. Kröfur þessar grundvallist á sölureikningum útflutts vikurs að frádregnum öllum kostnaði.

Í öðru lagi sé krafist skaðabóta vegna missis hagnaðar Vikuriðnaðar ehf. sökum ákvarðana stefndu um að hætta starfsemi félagsins sjálfum sér til hagsbóta, en félaginu til tjóns. Byggist krafan á því, að félagið eigi rétt á framlegð af útflutningi allt til samningsbundinna loka samnings félagsins við Jón Valda. Sé það reist á þeim sjónarmiðum, að uppsögn hafi verið óheimil, enda verði einstaklingurinn Jón Valdi Valdimarsson að sakast við sjálfan sig sem formann stjórnar um ætlaðar vanefndir á samningi. Af því leiði, að uppsögn hafi verið markleysa, enda var hún gerð af Jóni Valda Valdimarssyni mala fide til þess að valda félaginu tjóni. Af þessu leiði, að riftun hafi verið ólögmæt og félagið eigi rétt til skaðabóta, sem nemi tapaðri framlegð vegna ólögmætrar riftunar. Krafan sé bótakrafa, reist á sjónarmiðum um ólögmæta auðgun, en í kröfugerð sé þó einungis krafist 50% af framlegð, enda sé gert ráð fyrir því, að sá helmingur, sem ekki er krafist, hafi dugað til að greiða allan kostnað stefndu, sem rétt sé að draga frá kröfunni á grundvelli sjónarmiða um, að ávinning skuli draga frá tjóni. Gert sé ráð fyrir, að stefnandi muni leggja fram gögn, svo að staðreyna megi kostnaðinn, enda eru öll gögn um hann í vörslu stefndu. Framlegðarkrafan styðjist við rauntölur um tekjur af vikurútflutningi.

Allt frá árinu 1995 hafi verið ágreiningur með hluthöfum félagsins Vikur-

iðnaðar ehf. um málefni þess og gerðir einstaklinga í félaginu. Fyrir skipta-meðferð á félaginu og eftir hafi stefndu neitað því að hafa gert nokkuð, sem valdið gæti bótaskyldu eða kröfum í málinu, enda hafi þeir haldið því fram, að félagið hafi verið ónýtt, án frekari rökstuðnings. Þá hafi því verið neitað og sé ekki upplýst, að um neina samninga hafi verið að ræða um töku á eignum og hagsmunum félagsins. Mál það, sem hér um ræðir, sé því skaðabótamál, sem reist sé á sjónarmiðum um ólögmæta auðgun stefndu, en ekki riftunarmál skv. gjaldþrotalögum, enda liggja ekki fyrir samningar um töku hagsmunanna, heldur snúist málið um töku og fénýtingu á hagsmunum og eignum.

Protabú Vikuriðnaðar ehf. sé réttur aðili að slíkri bótakröfu, enda hafi taka á hagsmunum og eignum félagsins og vanhirða um hagsmuni þess leitt til gjaldþrots félagsins kröfuhöfum og eigendum félagsins til tjóns.

Þá vísi stefnandi til ákvæða hlutafélagalaga um skyldur stefndu Jóns Valda og Gunnars Geirs sem stjórnarmanna og hluthafa í félaginu og reglna laganna um bótaskyldu, eftir því sem við eigi.

Bótakrafan byggist á framlegð þeirra efnisbirgða, sem félagið hafi átt við töku stefndu á hagsmunum þess. Þá sé krafist helmings af framlegð af öðrum útflutningi ársins 1995 og af öllum útflutningi ársins 1996 samkvæmt áætlun stefnanda miðað við þau gögn, sem hann hafi undir höndum. Krafan sé takmörkuð við helming framlegðar á grundvelli sanngirnis sjónarmiða, þar sem vænta megi þess, að Snæfellsvikur ehf. hafi haft kostnað af útflutningi.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar svo:

A. Útflutningur Snæfellsvikurs ehf. 1995.

Af birgðum Vikuriðnaðar ehf.

Reikningur dags. 20. 7. 1995 vegna Írafoss 8. 7. 1995, 3.531,88 tonn.

Seldur vikur	kr.	4.246.405
Kostnaður	–	(2.268.561)
Mismunur, framlegð	kr.	1.977.844

Reikningur dags. 14. 8. 1995 v. Írafoss 7. 8. 1995, 3.452,52 tonn.

Seldur vikur	kr.	4.104.331
Kostnaður	–	(2.217.588)
Mismunur, framlegð	kr.	1.886.743

Reikningur dags. 7. 9. 1995 v. Louise Trader 30. 8. 1995, 1.010,00 tonn (hluti farmsins)

Seldur vikur	kr.	1.193.184
Kostnaður	–	(648.733)
Aukakostn. vegna fragtar	–	(98.454)
Mismunur, framlegð	kr.	445.997
Söluverðmæti	kr.	9.543.920
Kostnaður	–	(5.233.336)
Framlegð	–	4.310.584
Umboðsl., 5% af fob,	–	(477.196)
Framlegð úr lager	kr.	3.833.388

Annar útflutningur 1995.

Reikn. dags. 7. 9. 1995 v. Louise Trader 30. 8. 1995, 1.159,00 tonn (hluti), DEM 44,58.

Seldur vikur	kr.	1.369.185
Kostnaður	–	(744.437)
Aukakostn. vegna fragtar	–	(112.979)
Mismunur, framlegð	kr.	511.469 (?)

Reikningur dags. 7. 9. 1995 vegna Mermaid Eagle 31. 8. 1995, 3.556,32 tonn.

Seldur vikur	kr.	4.201.330
Kostnaður	–	(2.284.260)
Aukakostn. vegna fragtar	–	(234.981)
Mismunur, framlegð	kr.	1.682.089

Reikningur dags. 19. 9. 1995 vegna Mermaid Eagle 11. 9. 1995, 3.588,18 tonn, DEM 44,61.

Seldur vikur	kr.	4.241.838
Kostnaður	–	(2.304.723)
Aukakostn. vegna fragtar	–	(235.050)
Mismunur, framlegð	kr.	1.937.115 (?)

Reikningur dags. 28. 9. 1995 v. Mekhanik Markharin 17. 9. 1995, 2.235,53 tonn, DEM 45,45.

Seldur vikur	kr.	2.692.548
Kostnaður	–	(1.435.903)
Aukakostn. vegna fragtar	–	(146.304)
Ofreiknað magn	–	<u>(129.260)</u>
Mismunur, framlegð	kr.	981.081

Reikn. dags. 6. 10. 1995 vegna Mermaid Eagle 28. 9. 1995, 3.640,27 tonn, DEM 45,42.

Seldur vikur	kr.	4.381.531
Kostnaður	–	(2.338.181)
Aukakostn. vegna fragtar	–	<u>(239.318)</u>
Mismunur, framlegð	kr.	1.804.032

Reikningur dags. 10. 10. 1995 vegna Júpiters 4. 10. 1995, 3.324,62 tonn, DEM 45,53.

Seldur vikur	kr.	4.011.329
Kostnaður	–	(2.135.426)
Aukakostn. vegna fragtar	–	<u>(332.369)</u>
Mismunur, framlegð	kr.	1.543.534

Reikningur dags. 20. 10. 1995 v. Írafoss 10. 10. 1995, 3.493,07 tonn, DEM 45,67.

Seldur vikur	kr.	4.227.443
Kostnaður	–	(2.243.633)
Aukakostn. vegna fragtar	–	<u>(216.019)</u>
Mismunur, framlegð	kr.	1.767.791

Reikningur dags. 3. 11. 1995 vegna Júpiters 28. 10. 1995, 3.260,06 tonn, DEM 45,41.

Seldur vikur	kr.	3.923.060
Kostnaður	–	(2.093.961)
Aukakostn. vegna fragtar	–	<u>(331.493)</u>
Mismunur, framlegð	kr.	1.497.606

2680

Sala skv. reikningum	kr.	29.048.264
Kostnaður	–	(13.390.158)
Framlegð	–	15.568.106
Umboðslaun	–	(1.452.413)
	kr.	14.205.693

B. Útflutningur Snæfellsvikurs 1996.

Árið 1996 seldi Snæfellsvikur ehf. eftirtalda skipsfarma Gebr. Zieglowski. Söluverð á tonn DEM 21,50.

<i>Skip</i>	<i>Tonn</i>		<i>Söluverð</i>	<i>Gengi</i>
21. 5. 1996				
Mermaid Eagle	3.547,85	kr.	3.340.249	DEM 43,79
28. 5. 1996				
Úranus	3.440,67	kr.	3.234.160	DEM 43,72
11. 6. 1996				
Mermaid Eagle	3.561,94	kr.	3.356.576	DEM 43,83
29. 6. 1996				
Randy	3.695,92	kr.	3.492.362	DEM 43,95
4. 7. 1996				
Mermaid Eagle	3.540,20	kr.	3.344.464	DEM 43,94
4. 8. 1996				
Mermaid Eagle	3.515,98	kr.	3.376.007	DEM 44,66
Samtals sala	21.302,56	kr.	20.143.818	
Kostnaður		–	(13.682.847)	
Framlegð		kr.	6.460.971	

Heildarsala vikurs á vegum Snæfellsvikurs ehf., sem þrotabú Vikuriðnaðar ehf. krefst hlutdeildar í, er skv. ofanskráðu eftirfarandi:

Sala árið 1995	kr.	29.048.624
Kostnaður	–	(14.842.571)
Sala árið 1996	–	20.143.818
Kostnaður	–	(13.682.827)
Framlegð samtals	kr.	20.667.044
Umboðslaun 1996	–	(1.007.190)
Framlegð samtals	kr.	19.659.854

Áætluð framlegð vegna A-útflutnings 1995

vegna lagers

kr. 3.833.388

Áætluð framlegð vegna B-útflutnings 1996

– 19.659.854

50% lækkun vegna áætl. kostnaðar

– (9.829.927)

Samtals kr. 13.663.315

Um kröfugerð og réttindi stefnanda til krafna er vísað til XII. kafla gjaldprotalaga nr. 21/1991 sem og til ákvæða laga um einkahlutafélög nr. 138/1994, XVIII. kafla, 108.–110. gr., sbr. og reglur IX. kafla um skyldur stjórnarmanna gagnvart félaginu. Þá er um ábyrgð stefndu vísað til meginreglna kröfuréttar um sólídaríska ábyrgð.

Um skaðabætur er jafnframt vísað til auðgunarreglu og sjónarmiða um ólögmæta auðgun auk almennra reglna um skaðabætur sem og reglna samningalaga nr. 7/1936.

Um kröfugerð er vísað til þess, að gögn um tekjur og gjöld stefnda Snæfellsvikurs ehf. séu í vörslu stefndu, og er skorað á stefndu að leggja fram gögn, sem varðað geta kröfugerðina, að viðlögðu því, að sönnunarbyrði um, að krafan sé óréttmæt, verði lögð á stefndu. Sérstaklega er skorað á stefndu að upplýsa um kostnað í rekstri Snæfellsvikurs ehf. í júní-ágúst 1995 sem og að gefa upplýsingar um framlegð félagsins á árunum 1995 og 1996.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Af hálfu stefndu er á það bent, að Árni Þormóðsson hafi verið framkvæmdastjóri félagsins og haft allan rekstur á sinni hendi og fjárreiður félagsins. Í ársbyrjun 1995 hafi komið í ljós, að eigi var allt með felldu um fjárhag félagsins, og var leitað eftir því við Árna Þormóðsson, að hann legði fram fjárhagslegt uppgjör fyrir félagið. Í ljós hafi komið, að fjárþurrð var í félaginu og uppi meiningar í þá átt, að framkvæmdastjóri félagsins hefði dregið sér fé í verulegum mæli.

Stefndi Jón Valdi hafi verið stjórnarformaður í félaginu á þessum tíma og stefndi Gunnar Geir stjórnarmaður. Þeir hafi enga aðstöðu haft til þess að kynna sér fjárhag félagsins eða fjárreiður, vegna þess að stefnandi, Árni Þormóðsson, hafi stjórnað rekstri félagsins og einn annast algjörlega öll fjármál og samninga fyrir félagið.

Fyrir liggi, að Vikuriðnaður ehf. varð fjárprotta og verið algjörlega eignalaust. Upplýst hafi verið, að ýmsir kröfuhafar höfðu frammi kröfur á hendur félaginu og hluthöfum til ábyrgðar, einkum þeim Jóni Valda og Gunnari Geir, á grundvelli víxla og víxilskuldbindinga, sem stefnandi, Árni Þormóðsson, hafði fengið þá til þess að ábyrgjast. Jón Valdi og Gunnar Geir hafi þurft að innleysa umrædda víxla svo og að greiða skuldbindingar, sem

Árni Þormóðsson hafði sett Vikuriðnað ehf. í með ábyrgð þeirra. Árni Þormóðsson hafi verið úrskurðaður gjaldþrota og kröfuhafar ekki talið svara kostnaði að reyna að innheimta umræddar kröfur hjá honum.

Í ársbyrjun 1995 hafi verið tvö til þrjú þúsund rúmmetrar af vikri á svokölluðum millilager í hlíðum Snæfellsjökuls. Brjótur sf., sem flutt hafi efnið niður á millilager, hafi ekki fengið greiðslur frá Vikuriðnaði ehf., en Brjótur sf. hafi skv. samningi við Vikuriðnað ehf. haft eignarhald á birgðum, þar til greitt var. Umræddar birgðir hafi verið fluttar út með skipi. Kaupandinn, Gebr. Zieglowski, hafi greitt fyrir farminn og framkvæmdastjóri Vikuriðnaðar ehf., Árni Þormóðsson, tekið til ráðstöfunar um 550.000 krónur, en af því mun hann hafa greitt Jóhanni Scheiter 100.000 krónur. Það, sem eftir stóð, 2.000.000 króna, hafi m. a. verið nýtt til þess að greiða kostnað Brjóts sf. vegna vikurflutninga, hafnargjalda o. fl. vegna Vikuriðnaðar ehf. Andvirðið hafi þó ekki nægt til þess að greiða þær skuldir, sem eftir stóðu með ábyrgð hluthafa, né heldur víxilskuldbindingar félagsins.

Vikuriðnaður ehf. hafi stundað vikurnám úr Snæfellsjökli á grundvelli vinnsluleyfis Jóns Valda samkvæmt samningi við landbúnaðarráðuneytið. Jón Valdi hafi átt að fá þóknun, sem nam 1/3 af hagnaði, vegna umræddrar vinnslu, en Vikuriðnaður ehf. átt að greiða hafnargjöld vegna útflutningsins og efnisgjöld í rikissjóð. Vikuriðnaður ehf. hafi hins vegar ekki greitt umsamdar greiðslur.

Enginn rekstur hafi verið í Vikuriðnaði ehf. eftir febrúar 1995. Snæfellsvikur ehf. hafi verið stofnað í júní 1995 af þeim Gunnari Geir og Jóni Valda og það félag hafið útflutning á vikri til Þýskalands. Í Þýskalandi hafi á þeim tíma aðeins verið einn aðili, sem keypti hrávikur svokallaðan, þ. e. a. s. óunninn vikur, en það voru Gebr. Zieglowski. Hinn þýski aðili hafi þekkt allan vikur, sem í boði var frá Íslandi, og óskaði eftir því við Snæfellsvikur ehf. að fá keyptan vikur frá félaginu, og tókust samningar þar að lútandi. Það hafi verið Vikuriðnaði ehf. algjörlega óviðkomandi. Rangt sé, að vikurfarmar hafi verið fluttir út á vegum og í nafni Vikuriðnaðar ehf.

Engin leynd hafi hvílt yfir fjárhagslegri stöðu og rekstri Vikuriðnaðar ehf. gagnvart öðrum hluthöfum, eftir að Árna Þormóðssyni var gert að láta af störfum. Þannig hafi öllum verið ljóst, að framkvæmdastjóri félagsins hafði tekið sjóð Vikuriðnaðar ehf. til eigin nota.

Í stefnu séu ekki færð rök fyrir stefnukröfum, og krafan sé stórlega vanreifð og röng að öllu leyti, og er henni mótmælt.

Fyrir liggir, að skiptastjóri þrotabús Vikuriðnaðar ehf. hafi í engu mótmælt eða haft uppi kröfur á hendur Snæfellsvikri ehf. eða stefndu Jóni Valda og Gunnari Geir. Með engum hætti hafi verið sýnt fram á, hvaða

eignir og hvaða viðskiptasambönd stefndu eigi að hafa hagnýtt sér til hagsbóta og tilheyrt hafa Vikuriðnaði ehf. Fyrir liggi bæði í fundargerðum, atvikalýsingu í stefnu svo og öðrum gögnum málsins, að Vikuriðnaður ehf. hafi verið orðið afar skuldbætt fyrirtæki í ársbyrjun 1995 og sjóðþurrð orðin fyrir tilverknað framkvæmdastjóra. Félagið hafi verið óstarfhæft, og í reynd hefði verið rétt af hluthöfum eða stjórnarmönnum félagsins að gefa fyrirtækið upp til gjaldþrotaskipta, eins og málum var þá komið. Staðreynd sé það hins vegar, að fram eftir öllu árinu 1995 og fram á árið 1996 hafi komið fram kröfur, sem ekkert var vitað um, hvorki úr bókhaldi félagsins né annars staðar, kröfur í formi víxla, innstæðulausra ávísana og skuldabréfa. Öll slík skjöl stöfuðu frá fráfarandi framkvæmdastjóra félagsins, Árna Þormóðssyni, og voru hluthöfum eða stjórnarmönnum öðrum ókunn með öllu.

Eigi verði séð, að saknæmt geti verið af þeim Jóni Valda og Gunnari Geir að stofna félagið Snæfellsvikur ehf. eða eiga það félag. Fráleit sé sú fullyrðing af hálfu stefnanda, að stefndu hafi tekið eignir þrotabúsins og fénýtt þær, þegar upplýst sé, að um engar eignir hafi verið að ræða í búinu. Vísast til umsagnar skiptastjóra sjálfs um eignir í þrotabúinu á skiptafundi. Þá sé óhjákvæmilegt að vísa til þess, að 18. apríl 1995 hafi Jón Valdi sagt upp með formlegum hætti samstarfi við Vikuriðnað ehf. vegna stórfelldra vanskila og vanefnda Vikuriðnaðar ehf. við hann. Hvorki Brjótur sf. né Jón Valdi hafi viljað starfa áfram með öðrum hluthöfum í Vikuriðnaði ehf. eða undir merkjum þess félags.

Af hálfu stefnanda sé á því byggt, að Vikuriðnaður ehf. hafi gert samning við Jón Valda um vinnslu vikurs til 1. desember 1996 og átt eitt rétt til vikurvinnslu. Þessu er algjörlega mótmælt. Hvort tveggja sé, að stefndi Jón Valdi féllst eigi á þá tilhögun, sem sett var upp af framkvæmdastjóra Vikuriðnaðar ehf. og liggur fyrir í máli þessu, en vísað er til þess, að skjalið sé óundirritað af Jóni Valda. Engum rétti hafi verið til að dreifa í þágu Vikuriðnaðar ehf. vegna vikurvinnslu á grundvelli leyfis Jóns Valda. Við aðalmeðferð málsins upplýsti lögmaður stefndu, að ljóst væri, að í gildi hefði verið einhver samningur, sem var grundvöllur að vikurvinnslu Vikuriðnaðar ehf., en að ósannað væri, að það hefði verið sá samningur, sem stefnandi heldur fram.

Félagið hafi ekki kostað vegagerð að námum uppi á jökli, en ekkert liggi fyrir í máli þessu um fullyrðingu stefnanda til stuðnings þessu.

Í stefnu sé stíllt upp útsöluverði á vikri samkvæmt reikningum frá Snæfellsvikri ehf. á árunum 1995 og 1996 og komist að þeirri niðurstöðu, að af heildarútflutningi fari liðlega helmingur í kostnað við öflun efnis o. s. frv., en eftir sitji helmingur sem hreinn ágóði, og er kröfugerð stefnanda grund-

völluð á slíkum sjónarmiðum. Engin rök eða sundurliðun hafi verið sett fram fyrir slíkri ályktun. Í málinu liggi hins vegar fyrir ársreikningur Vikuriðnaðar ehf. 1994 í drögum, en þar komi fram, að rekstrartekjur vegna útflutnings hafi numið 10.779.539 krónum. Rekstrargjöld séu þar tilgreind 10.410.133 krónur. Er ljóst, að sáralítill hagnaður varð af rekstri Vikuriðnaðar ehf. 1994. Með sama hætti ætti að leggja til grundvallar útflutningstölur Snæfellsvikurs ehf. frá 1995 og 1996 að teknu tilliti til kostnaðar, og kæmi þá í ljós, að hagnaður væri sáralítill. Sé ljóst, að kröfugerð stefnanda, eins og hún er fram sett, sé röng og ómarktæk að öllu leyti. Þá sé óhjákvæmilegt að benda á, að eigi sé tekið tillit til þess, að stefnanda beri að greiða stefnda Jóni Valda Valdimarssyni endurgjald samkvæmt samkomulagi aðila fyrir afnot af umræddu vinnsluleyfi.

Í máli þessu er því haldið fram, að stefndu hafi bakað stefnanda tjón, þegar slitið var samstarfssamningi á milli Jóns Valda annars vegar og stefnanda hins vegar. Engin rök eru færð fyrir þessum sjónarmiðum stefnanda. Hins vegar liggi fyrir, að Vikuriðnaður ehf. stóð ekki við skuldbindingar sínar um greiðslur, svo sem áður er rakið.

Af hálfu stefnanda sé því haldið fram, að tveir farmar, sem fóru í júlí og ágúst 1995, hafi verið úr ætluðum birgðum, sem hafi verið eign Vikuriðnaðar ehf. Aðeins var um einn farm að ræða úr birgðum Vikuriðnaðar ehf., en ekki tvo, eins og haldið sé fram. Akstur efnis úr námum á jökli niður á millilager hafi hins vegar hafist í byrjun júní 1995.

Sýknukrafa stefndu, þ. e. aðalkrafa, sé reist á því, að engum grundvelli fyrir skaðabótakröfu stefnanda sé til að dreifa, hvorki efnislega né sé rökstuðningi fyrir að fara í þá átt af hálfu stefnanda. Ekki hafi verið sýnt fram á, að stefnandi hafi beðið tjón af völdum stefndu.

Þá benda stefndu á, að krafa stefnanda á hendur stefndu in solidum fái eigi staðist. Engum lagarökum sé til að dreifa varðandi kröfugerð stefnanda að þessu leyti, en ljóst sé, að ákvæði laga nr. 91/1991 um samaðild eiga ekki við í máli þessu.

Varakrafa stefndu er studd þeim rökum, að komi til þess, að dómari telji stefnanda eiga rétt á skaðabótum úr hendi eins eða fleiri stefndu, telja stefndu auðsætt, að þeir geti haft uppi gagnkröfu til skuldajafnaðar. Kröfur stefndu nema samtals 12.293.673 krónum auk vaxta og kostnaðar og sundurliðast svo með rökum:

Stefndi Gunnar Geir hafi innleyst víxla, að nafnverði 600.000 krónur, en víxlarnir voru samþykktir til greiðslu af Vikuriðnaði ehf. Þess er krafist, að andvirði víxlanna ásamt dráttarvöxtum frá gjalddaga til greiðsludags verði tekið til skuldajafnaðar.

Af hálfu stefnda Snæfellsvikurs ehf. sé gerð sú krafa, að 6.027.068 krónur verði teknar til skuldajafnaðar. Um er að ræða greiðslu 5.527.068 króna árið 1995 og 500.000 krónur til Hafnarsjóðs Ólafsvíkur 1. janúar 1996, samtals 6.027.068 krónur, sem er sú krafa, sem gerð er að viðbættum dráttarvöxtum frá 1. janúar 1996 til greiðsludags.

Skv. samningi stefnda við stefnanda hafi stefndi átt að fá 1/3 hluta af hagnaði, eftir að stefnandi hafði greitt vinnslukostnað, þ. á m. efnisgjöld til landbúnaðarráðuneytisins. Í bréfi Árna Þormóðssonar til landbúnaðarráðherra komi fram magn vikurs, sem fluttur var út á vegum stefnanda 1994 og 1995. Séu þær upplýsingar lagðar til grundvallar og miðað við gengi DEM 1. 1. 1995 og 1. 1. 1996:

31. 12. 1994	15.543 m ³ × 1,22 DEM × 44,06 kr.	=	835.485 krónur.
31. 12. 1995	4.980 m ³ × 1,22 DEM × 45,54 kr.	=	276.682 krónur.
	Samtals		1.112.167 krónur.

Stefndi Jón Valdi sé sérleyfishafi og beri ábyrgð gagnvart ráðuneyti á efnisgjöldum. Því sé umrædd krafa rökstudd og dómtæk. Krafist sé vaxta á fjárhæðir frá 1. janúar 1995 vegna 835.485 króna, sem eru útflutningur 1994, og frá 1. janúar 1996 af 276.682 krónum, sem séu útflutningur 1995.

Stefndi Jón Valdi geri kröfu til skuldajafnaðar á hendur stefnanda, að fjárhæð 4.554.438 krónur, sem sé rökstudd með því, að stefnukrafa stefnanda sé 13.663.315 krónur, en 1/3 hluti af þeirri fjárhæð sé það, sem stefnda Jóni Valda beri þá að fá úr hendi stefnanda sem þóknun skv. samningi aðila, 4. grein. Krafist er dráttarvaxta af þeirri fjárhæð frá 1. 1. 1996 til greiðsludags með sama hætti og gert er í stefnu.

Kröfugerð stefnanda sé stórlega áfátt, ruglingsleg og fullnægi ekki ákvæðum laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Skorti þar stórlega á allan skýrleik í framsetningu kröfugerðar. Er vísað til 80. gr. laga nr. 91/1991, einkum d-, e- og f-liðar. Þá er vísað til 18. gr., 4. tl., laga nr. 91/1991 og 19. gr., 1. og 2. mgr., sömu laga um aðildarskort og solidaríska ábyrgð. Þá er vísað til ákvæða skaðabótalaga, einkum um ákvæði, sem gera tjónþola að skyldu að sanna tjón sitt. Þá vísa stefndu til ákvæða laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 um skyldu framkvæmdastjóra í starfi og viðurlög gagnvart trúnaðarbresti framkvæmdastjóra gagnvart stjórnarmönnum og hluthöfum og ráðstöfun hans á fé félagsins í eigin þágu. Þá er vísað til gjaldþrotalaga nr. 21/1991 um heimild stefndu til að hafa uppi kröfu til skuldajafnaðar gagnvart stefnanda, sem er þrotabú. Stefndu benda á, að allir frestir til þess að rifta gerningum af hálfu stefnanda séu liðnir, sbr. XV. kafla laga nr. 21/1991.

Forsendur og niðurstaða.

Mál þetta er af hálfu stefnanda höfðað á hendur stefndu til heimtu á skaðabótakröfu auk vaxta og málskostnaðar. Stefnandi beinir sömu kröfum gegn öllum stefndu og styður þær í öllum atriðum sömu málsástæðum. Um réttarheimildir er í aðalatriðum vísað í sömu atriði um alla stefndu, en þó sérstaklega skírskotað til ákvæða laga um hlutafélög (einkahlutafélög) og samþykktá Vikuriðnaðar ehf., að því er varðar stefndu Jón Valda og Gunnar Geir.

Málsástæðum er lýst svo í stefnu, að um sé að ræða skaðabótakröfu, sem byggist á því, að stefndu hafi með ólögmatum hætti fénýtt eignir og viðskiptasambönd Vikuriðnaðar ehf., nú þrotabús, sér til hagsbóta, en hinu gjaldþrota félagi og hluthöfum þess til tjóns. Segir jafnframt, að talið sé, að stefndu hafi bakað sér bótaskyldu in solidum, enda séu stefndu Jón Valdi og Gunnar Geir einir eigendur stefnda Snæfellsvikurs ehf. og hafi staðið að stofnun þess. Tilgangurinn hafi verið að hagnýta sér eignir hins gjaldþrota félags með því að annast verktöku þá, sem það hafði samning um við stefnda Jón Valda og hefði aflað því tekna fram til samningsloka. Segir svo, að ljóst sé, að með töku á þessum hagsmunum hafi tapast allt það, sem félagið hafði kostað til og átti að vera grundvöllur tekjuöflunar framvegis. Í framhaldi segir, að bótakrafan sé studd því, að samkvæmt samningi hins gjaldþrota félags við stefnda Jón Valda hafi það eitt átt rétt til vinnslu vikurs fyrir þennan stefnda fram til 1. desember 1996.

Í málalíbúnaði sínum lýsir stefnandi því, að fyrir liggi, að trúnaðarbrestur hafi orðið með hluthöfum í hinu gjaldþrota félagi í ársbyrjun 1995 og þá myndast nýr meiri hluti, þar sem stefndu Jón Valdi og Gunnar Geir hafi tekið öll völd. Þeir hafi ekki unnið að málefnum félagsins í samræmi við lagaskyldur, ekki sinnt félaginu í neinu og ekki kröfum annarra hluthafa um upplýsingar og fundi. Er því viðhorfi stefnanda lýst, að þessi háttsemi eigi rætur að rekja til þess, að þeir hafi þá undirbúið og síðar stofnað einkahlutafélag, þ. e. stefnda Snæfellsvikur ehf. Sé því augljóst, að um samantekin ráð hafi verið að ræða til að slá eign sinni á og fénýta sér eignir hins gjaldþrota félags. Því telji stefnandi sig eiga kröfu á hendur stefndu öllum in solidum, enda hafi þeir auðgast með ólögmatum hætti sameiginlega bæði í eigin nafni sem og í nafni hins stefnda félags með aðgerðum sínum.

Í stefnu segir, að krafan sjálf hvíli á tveimur megin sjónarmiðum. Í fyrsta lagi sé krafist skaðabóta, sem nemi framlegð af vikurförmum, er fluttur voru út árið 1995, en farma þessa telur stefnandi hafa verið hluta af efnisbirgðum hins gjaldþrota félags. Í öðru lagi sé krafist skaðabóta vegna missis

hagnaðar hins gjaldþrota félags sökum ákvarðana stefndu um að hætta rekstri þess félags sjálfum sér til hagsbóta og félaginu til tjóns. Er því talið, að stefnandi eigi rétt til framlegðar af útflutningi allt til loka samningstímans 1. desember 1996, en stefnandi tekur jafnframt fram, að uppsögn þess samnings af hálfu stefnda Jóns Valda hafi verið markleysa. Í framhaldi er svo tilgreint, að krafan sé bótakrafa, reist á sjónarmiðum um ólögmæta auðgun, en að í kröfugerð sé þó aðeins krafist 50% af framlegð, enda sé gert ráð fyrir því, að sá helmingur, sem ekki er krafist, hafi dugað til að greiða allan kostnað stefndu, sem rétt sé að draga frá kröfunni á grundvelli sjónarmiða um, að ávinning skuli draga frá tjóni. Er svo ítrekað, að málið sé skaðabótamál, reist á sjónarmiðum um ólögmæta auðgun.

Loks segir, að kröfur stefnanda á hendur stefndu Jóni Valda og Gunnari Geir séu studdar ákvæðum hlutafélagalaga um skyldur þeirra sem stjórnarmanna og reglum þeirra laga um bótaskyldu eftir því, sem við á, sem og samþykktum félagsins um hið sama.

Af framangreindri lýsingu á málaltilbúnaði stefnanda sést, að mál þetta er höfðað sem skaðabótamál, en við bætt röksemdum um, að einnig sé talið, að stefndu hafi öðlast ólögmæta auðgun á kostnað hins gjaldþrota félags.

Stefnandi gerir enga tilraun til að aðgreina málsástæður þær og röksemdir, sem kröfur hans á hendur hverjum einstökum stefnda byggist á. Var það þó óhjákvæmilegt, þar sem annars vegar er um að ræða kröfur á hendur stefnda Snæfellsvikri ehf., sem er krafa um skaðabætur utan samninga, og hins vegar kröfur á hendur stefndu Jóni Valda og Gunnari Geir, sem a. m. k. að verulegu leyti eru studdar sjónarmiðum um bótaábyrgð innan samninga. Þá er ekki gerð sérstök grein fyrir þeim atriðum, sem kunna að horfa við á annan veg um bótaábyrgð stefndu Jóns Valda og Gunnars Geirs, en til þess var brýn ástæða, þar sem þeirri málsástæðu er sérstaklega haldið á lofti, að réttur stefnanda í málinu grundvallist á samningi hins gjaldþrota félags við stefnda Jón Valda um verktöku við vikurnám, en uppsögn þessa stefnda á samningnum hafi verið markleysa.

Þá skortir á í málaltilbúnaði stefnanda, að gerður sé greinarmunur á fjárhæð þeirra skaðabótakrafna, sem beint er gegn stefndu. Er þó sýnt, að hugsanlegur réttur hans til bóta og bótafjárhæðir horfa mismunandi við eftir því, hvort um er að ræða kröfur gegn stefnda Snæfellsvikri ehf. eða öðrum stefndu. Stefnandi endurtekur í málaltilbúnaði sínum, að kröfur sínar séu skaðabótakröfur. Kröfugerð hans miðast samt sem áður ekki við ætlað tjón hins gjaldþrota félags, og er engin tilraun gerð til að renna tölulegum stöðum undir það. Þess í stað miðar stefnandi tölulega kröfugerð við ætlaða auðgun stefndu án aðgreiningar þeirra og án tillits til mikilvægra atriða, svo

sem skattalegra áhrifa ætlaðs hagnaðar stefnda Snæfellsvikurs ehf. Er ekkert vikið að þeim möguleika í málatilbúnaði stefnanda, að fjárkröfur hans kunni að vera hærri en ætlað tjón hins gjaldþrota félags.

Stefnandi reisir málatilbúnað sinn á því, að í gildi hafi verið samningur á milli hins gjaldþrota félags og stefnda Jóns Valda, dags. 23. mars 1993, um verktöku félagsins í þágu þessa stefnda í jarðefna- og vikurvinnslu á svæðum á Snæfellsnesi. Af hálfu stefndu hefur því verið andmælt, að samningur sá, sem vitnað er til, hafi verið í gildi, en þó upplýst, að ljóst sé, að einhver slíkur samningur hafi verið á milli þessara málsaðila. Þrátt fyrir það að stefnandi miði við gildi þessa samnings, hefur hann ekki grundvallað kröfugerð sína á þeirri reglu, sem fram kemur í 4. gr. samningsins og kveður á um, að hið gjaldþrota félag hefði átt að fá í sinn hlut áætlaðan vinnslukostnað auk 15% álags vegna ófyrirséðs kostnaðar. Í greininni segir einnig, að munurinn eigi að skiptast svo á milli verkkaupa, stefnda Jóns Valda og hins gjaldþrota félags, að það hefði átt að fá 2/3, en stefndi Jón Valdi 1/3. Stefnandi hefur ekki lagt þessa reglu um tekjur af starfseminni til grundvallar kröfugerð sinni, jafnvel þótt hann telji, að reglur samningsins hafi verið í gildi á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Tekið skal fram, að síðar til komin yfirlýsing stefnda Jóns Valda frá 24. mars 1993, að hann hyggist skipta sínum þriðjungi, sem tiltekinn er að framan, milli hluthafa í hinu gjaldþrota félagi með tilteknum hætti, skiptir hér ekki máli, enda stofnar það ekki sérstakan rétt til handa stefnanda.

Efni og útlistun hinnar tölulegu kröfugerðar af hálfu stefnanda er mjög áfátt. Grundvöllur hvers liðar í kröfugerðinni er fjárhæð reiknings vegna selds vikurs. Dreginn er frá kostnaður, sem stefnandi hefur ekki skilgreint eða útlistað í málatilbúnaði sínum né heldur undir rekstri málsins, þótt sérstakt tilefni hafi verið til þess, eftir að greinargerð stefndu var lögð fram. Við aðalmeðferð málsins upplýsti lögmaður stefnanda aðspurður, að hér væri um að ræða alla þekkta kostnaðarliði. Stefnanda bar að útlista svo skýrlega sem kostur er, í stefnu eða með öðrum hætti, hvernig hann skilgreinir þennan lið, þ. e., hvernig hann er samsettur í hverjum kröfulið, svo að dómurinn geti tekið afstöðu til réttmætis kröfugerðarinnar. Þar sem kröfugerðinni og útlistun hennar er svo mjög áfátt, er dómurinn ómögulegt að taka efnislega afstöðu til hennar. Er því ekki tilefni til að meta, hvort og þá með hvaða hætti það á að koma stefndu í koll, að þeir hafa ekki orðið við áskorun stefnanda um að leggja fram gögn, sem skýrt gætu kröfur hans. Áskorun stefnanda breytti ekki skyldu hans til þess að útlista með svo skýrum hætti sem kostur var þá kröfugerð og einstaka liði hennar, sem hann hefur uppi í málinu og þar sem hann hefur látið það undan falla, verður

hann sjálfur að bera hallann af því. Allir framangreindir annmarkar á málatilbúnaði stefnanda eru andstaðir meginreglum laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála um skýran málatilbúnað og leiða til þess, að dómurinn getur ekki tekið afstöðu til krafna stefnanda í þeim búningi, sem þær eru. Er málatilbúnaðinum svo áfátt, að dómurinn telur, að ekki sé unnt að bæta úr, þannig, að leggja megi efnisdóm á málið. Er því óhjákvæmilegt að vísa málinu frá dómi.

Samkvæmt þessari niðurstöðu skal stefnandi greiða hverjum hinna stefndu um sig 150.000 krónur í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Valtýr Sigurðsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnum Sigurði P. Sigurðssyni endurskoðanda og Viðari Má Matthíassyni prófessor.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Árni Þormóðsson, greiði stefndu, Snæfellsvikri ehf., Jóni Valda Valdimarssyni og Gunnari Geir Gunnarssyni, hverjum um sig, 150.000 krónur í málskostnað.
